

Skipulagsstofnun
Tinna Jónsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 20. maí 2020
UST202005-071/B.S.
10.05.03

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Ölfusvegur - Sunnumörk - brú yfir Varmá –
Hveragerði. Umsögn**

Vísað er til bófs Skipulagsstofnunar dags. 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða lagningu á 0,5 km löngum tengivegi og smíði nýrrar brúar yfir Varmá samhliða Suðurlandsvegi. Vegurinn er á svæði sem þegar hefur verið raskað við núverandi þéttbýli.


Varmá er á náttúruminjasrá og er talið að Varmá hafi mikið vísindalegt gildi. Fram kemur í greinargerð að Varmá sé ein örfárra varmáa á Íslandi og að vistkerfi hennar sé sérstætt vegna hærri hitastigs og meiri efnastyrks en í venjulegum ám og jafnframt að fjölmargar fiskitegundir finnast í ánni. Í ábendingum Veiðimálastofnunar um þverun Varmár vegna framkvæmda við Suðurlandsveg er mælt með því að byggja brú frekar en ræsi og að haf brúarinnar verði það vítt að stöplar nái ekki niður fyrir flóðfar. Ef þannig verðir staðið að framkvæmdum verði ekki séð að framkvæmdin takmarki framleiðslu eða raski gönguleið fiska verulega.

Fram kemur í greinargerð að hönnun brúarinnar verði með ofangreindum hætti og á framkvæmdatíma verði lögð áhersla á að lágmarka allt rask, gæta að olíuleka frá tækjum og að framkvæmdatími verði utan veiði- og göngutíma laxfiska eða frá 1. apríl til 30. desember.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri